



# DREN MEÐ SOGI

## eftirlit heima eftir skurðaðgerð á brjósti

Við útskrift er gefinn tími í endurkomu hjá hjúkrunarfræðingi á brjóstamiðstöð Landspítala. Hann metur hvort og hvenær hægt er að fjarlægja drenin. Til að tryggja að dren starfi rétt og að hægt sé að meta hvenær má fjarlægja það þarf að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

**PVO  
HENDUR  
FYRIR  
OG  
EFTIR  
MED-  
HÖNDLUN  
DRENS**

**A**

### DAGLEGT EFTIRLIT

**Hve oft:** Reglulega yfir daginn, að minnsta kosti tvisvar á dag.

- Drenpoki á alltaf að vera fyrir neðan skurðsvæðið til að blóðvöki geti runnið vel í pokann.
- Efri klemman á slöngu er alltaf höfð opin og sú neðri lokuð nema þegar tæmt er niður í poka. Opnað og lokað er fyrir slöngur með því að renna klemmu til hliðar.
- Halda sogi á dreni með því að skoða reglulega hvort belgur sé samankreistur. Ef vökvi hefur safnast í belginn þarf að tæma hann í pokann.
- Gæta þess að ekki sé brot á drenslöngu og að umbúðir séu vel festar og þurrar.

### Tæmt niður í poka

1. Loka efri klemmu (nær skurði) og opna fyrir neðri klemmu (niður í poka), sjá mynd 1.
2. Kreista belg mjög vel saman svo vökvi renni niður í pokann.
3. Setja sog á dren aftur með því að halda belg kreistum saman og loka fyrir neðri klemmu.
4. Opna fyrir efri klemmu til að blóðvöki komist ofan í belginn.

**B**

### NÝR POKI SETTUR OG SKRÁNING Á MAGNI BLÓÐVÖKVA

**Hve oft:** Á hverjum morgni, á svipuðum tíma.

1. Tæma blóðvökva úr belg samkvæmt lýsingu að ofan, sjá mynd 2.
2. Skrúfa poka af, setja nýjan og herða vel.
3. Halda poka sem tekinn var af uppréttum, til að meta hve mikill blóðvöki hefur komið í hann.
4. Skrá magn á skráningarblað (sjá bakhlíð).
5. Setja notaðan drenpoka í plastpoka, loka vel fyrir og henda í almennt rusl.



